

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F100/2021

Reykjavík, 11. maí 2021

Alma Möller  
landlæknir  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík


Til umboðsmanns Alþingis hafa undanfarið borist kvartanir og ábendingar sem lúta að framkvæmd bólusetninga sem nú standa yfir vegna COVID-19, einkum valkostum fólks um tegund bóluefnis. Er þar meðal annars um að ræða fólk sem af heilsufarslegum ástæðum, s.s. vegna undirliggjandi sjúkdóma, telur sér ekki fært að þiggja bóluefni frá framleiðandanum AztraZeneca. Þessar kvartanir og ábendingar hafa orðið mér tilefni til þess að óska eftir því með vísan til 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að embætti landlæknis veiti mér upplýsingar um eftirfarandi:

1. Þess er óskað að veittar verði upplýsingar um með hvaða hætti upplýsingum og leiðbeiningum vegna framkvæmdar bólusetninga, og þá einkum með tilliti til þeirra sem telja ekki öruggt að þiggja bóluefni frá AztraZeneca, hefur verið komið á framfæri við almenning með tryggum og aðgengilegum hætti.
2. Á upplýsingasíðu landlæknis og almannavarna vegna COVID-19, [www.covid.is](http://www.covid.is), og öðrum upplýsingasíðum henni tengdri, kemur fram að þeir sem telja sig tilheyra hópum sem ekki stendur til að bólusetja með efni frá AztraZeneca (Vaxzevria) en hafi ranglega fengið boð í slíka bólusetningu sé rétt að snúa sér til heilsugæslunnar sem geti staðfest sjúkrasögu viðkomandi. Þá kemur fram að „umsjónarmenn lista á því heilsugæslusvæði“ megi þá merkja viðkomandi til að hægt sé a boða aftur á réttum degi þegar viðeigandi bóluefni er í boði. Þess er óskað að veittar verði upplýsingar um málsmeðferð og afgreiðslu heilsugæslunnar og málsmeðferð landlæknis í framhaldi af því. Jafnframt er þess óskað að

upplýst verði hvaða upplýsingar einstaklingar sem leita til heilsugæslunnar í þessu skyni fá um frekari meðferð á beiðni sinni.

Þess er óskað að svar berist eigi síðar en 17. maí nk.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon